

Til Byggðaráðs

Ungmennafélagið Stjarnan óskar eftir styrk frá Dalabyggð til að halda jólaball og Pálinuboð í félagsheimilinu Tjarnarlundi. Ekki yrði selt inn á þessa jólagleði en óskað verði eftir að þeir sem mæta leggi til með sér eina sort á veisluborðið. Styrkurinn væri sá að Stjarnan fengi afnot af félagheimilinu endurgjaldslaust en sér að sjálfsögðu um að þrifa á eftir. Ef styrkurinn er samþykktur þá velur Stjarnan dag í desember sem ekki væri útleigður annað en viljum ekki festa dag fyrir en veðurspá liggur fyrir. Líklegast væri að þetta yrði milli jóla og nýárs.

Bestu kveðjur

Arnar Eysteinnsson formaður ungmennafélagssins Stjörnunnar